

Efni: Króksfjarðarnes og Geiradalur – breyting á aðalskipulagi

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna skipulags- og matslýsingar fyrir Króksfjarðarnes og Geiradal í Reykholahreppi. Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér lýsinguna og hefur nokkrar ábendingar.

Vernd Breiðafjarðar

Í kafla 3.3. er fjallað um aðrar áætlanir er varða skipulag Króksfjarðarnes og Geiradals, þar á meðal verndaráætlun Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að tilgreina markmið verndunar fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar í kaflanum svo að skýrt sé hvað verndun Breiðafjarðar snýst um. Má þar t.d. benda á fyrstu tvær greinar laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar¹. Viðmið verndunar Breiðafjarðar eru kynnt nánar í kafla 2.3 „verndarviðmið og viðföng“ í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019². Kaflar 4.7 til 4.10 í verndaráætlun lýsa í kjölfarið nánar markmiðum verndunar, sem eru verndun lífríkis, verndun jarðmyndana, verndun menningarminja, verndun landslags almennt og sérstaklega menningarlandslags.


Fjöruvistgerðir

Breiðafjarðarnefnd bendir á fjöruvistgerðir við skipulagssvæðið, sbr. mynd 1 af vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar³.

Á vistgerðakorti sést að mismunandi fjöruvistgerðir eru við skipulagssvæðið. Samkvæmt EUNIS flokkunarkerfinu eru þetta A1 – grýttar fjörur og A2 – setfjörur. Ríkjandi fjöruvistgerð í kringum Króksfjarðarnes er F1.35.1 Klóþangsklungur (undirflokkur grýttra fjara) og utan Geirdals eru F2.31 Sandmaðksleirur (undirflokkur setfjara) ríkjandi. Fleiri vistgerðir finnast á svæðinu.

Nánar má lesa um allar fjöruvistgerðir svæðisins og verndargildi þeirra á heimasíðu Náttúrufræðisstofnunar⁴.

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að uppbygging svæðisins taki tillit til mikilvægra fjöruvistgerða á svæðinu, sem eru innan verndarsvæðis Breiðafjarðar



Mynd 1: Vistgerðakort af skipulagssvæði við Króksfjarðarnes og Geiradal. Heimild: Náttúrufræðistofnun.

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

² Breiðafjarðarnefnd. (2014). Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Breidafjordur_verndaraaetlun_2014-2019_minnkad.pdf, bls. 20.

³ Náttúrufræðisstofnun. Vistgerðakort. <https://vistgerdakort.ni.is>

⁴ Náttúrufræðistofnun. Fjöruvistgerðir. <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara>

samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Sérstaklega þarf að gæta fjöruvistgerða við hönnun fráveitukerfis þar sem fráveita getur haft neikvæð áhrif á fjöruvistgerðir.

Landslagsvernd

Breiðafjörður er m.a. verndaður vegna landslags, sbr. 1. grein laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Mikilvægt er að mati Breiðafjarðarnefndar að framtíðaruppbygging grenndarsvæðis verndarsvæðisins taki tillit til þeirrar einstöku landslagsheildar sem einkennir Breiðafjörð.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi verndar landslags og fjörusvæðis við skipulagssvæðið. Bæði landslag verndarsvæðisins og lífríki fjörunnar njóta verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar